

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Frá 1. maí 1987 skal full tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega hækka úr kr. 10 801,00 í kr. 12 801,00 fyrir einstakling. Full tekjutrygging til hvors hjóna, sem bæði njóta lífeyris, hækkar frá sama tíma úr kr. 9 130,00 í kr. 10 821,00.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Hvolhreppi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Hvolhrepps hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð í Hvolsvallarkauptúni.

1. Við gatnamót Dufþaksbrautar annars vegar og Hlíðarvegar og Austurvegar hins vegar, verði stöðvunarskylda á Dufþaksbraut.
2. Á gatnamótum Nýbýlavegar og Hlíðarvegar verði stöðvunarskylda á Nýbýlavegi.
3. Á gatnamótum Ormsvallar og Hlíðarvegar verði stöðvunarskylda á Ormsvelli.
4. Á gatnamótum Vallarbrautar og Hvolsvegar verði biðskylda á Vallarbraut beggja vegna gagnvart Hvolsvegi.
5. Á Gatnamótum Vallarbrautar og Stóragerðis verði biðskylda á Stóragerði gagnvart Vallarbraut.
6. Á gatnamótum Öldubakka og Hlíðarvegar verði biðskylda á Öldubakka gagnvart Hlíðarvegi.
7. Stöður vörubifreiða og annarra stórra bifreiða eru einungis heimilar í 60 mínútur í eftirtöldum götum: Hlíðarvegi, Vallarbraut, Hvolsvegi, Stóragerði, Litlagerði, Öldugerði, Norðurgarði, Króktúni, Nýbýlavegi, Njálsgarði og Túngötu.

Reglur þessar taka nú þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Rangárvallasýslu, 14. maí 1987.

Friðjón Guðröðarson.